Reykjavík

Frístundaheimilið
TÖFRASEL

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Innihald

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 7
Helstu dagsetningar 8
- Ágúst 8
- September 8
- Október 8
- Nóvember 9
- Desember 9
- Janúar 9
- Febrúar 10
- Mars 10
- Apríl 10
- Maí 11
- Júní 11
- Júlí 11

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Töfrasel auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börn á frístundaheimilinu

- ✓ Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- ✓ Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.

Starfshættir og viðfangsefni

- ✓ Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- ✓ Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- ✓ Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.

Bjargir og skipulag

- ✓ Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- ✓ Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
- ✓ Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Starfshættir og viðfangsefni

- ✓ Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.

Mannauður og faglegt starf

- ✓ Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- ✓ Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Fjölbreytt verkefni í náttúru og nærumhverfi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Starfshættir og viðfangsefni** Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
Tækifæri til umbóta.	• Nýta Elliðaárdalinn og nærumhverfið markvist í skipulögðu starfi (smiðjum, klúbbum og hópastarfi) • Nýta útiveru til samtals og samvinnu í skipulögðu og frjálsu starfi. • Nýta efnivið náttúrunnar og nærumhverfis til sköpunar
Aðgerðir til umbóta.	• Með markvissum gönguferðum með hópa þar sem ákveðin verkefni eru sett fyrir. Markmiðið er að kveikja áhuga og forvitni barnanna • Með því að bjóða upp á aukna útiveru og verkefni tengd útivist og nærumhverfi. • Safnað saman efnivið fyrir efnisveitu. • Vera með leik mánaðarins út frá frístundalæsi.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	• Endurmetið í febrúar og aftur í maí. Notast verður við starfsmannafundi til að rýna í starfið og bæta það sem þarf. • Fundir og kannanir með börnum sem taka þátt í útivistarverkefni.
Viðmið um árangur.	• Að fá raddir barnanna til að koma með hugmyndir að viðfangsefnum og að hafa áhrif á framkvæmdina. • Að þátttaka barnanna sé skráð og lögð sé stutt könnun fyrir þau í lok hvers skiptis. • Við endurmat fái starfsfólkið tækifæri til að fara yfir niðurstöður til að meta árangur, ánægju og hvað megi gera betur.

Heiti aðgerðar: Fræðsla og starfsþróun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Mannauður og faglegt starf** Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta.	• Kynna Torgið fyrir starfsfólki og alla þá fræðslupakka sem þar eru. • Skapa aðstæður til að starfsfólk fái viðeigandi fræðslur sem snúa að frístundastarfinu.
Aðgerðir til umbóta.	• Nýta Torgið betur sem fræðsluvettvang fyrir starfsfólk. • Útbúa fræðsludagatal - Finna til fyrir fram ákveðnar fræðslur sem starfsfólk þarf að klára/horfa á. • Gefa starfsfólki kost á að sækja fræðslu á Torginu utan hefðbundins vinnutíma gegn greiðslu í yfirvinnu, samkvæmt samkomulagi. • Halda utan um og skrá þær fræðslur sem horft er á sem starfsmannahópur. -Skrá á Torgið
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetið í enda janúar/byrjun febrúar Tekið fyrir í starfsmannasamtölum og niðurstöður ræddar á starfsmannafundi og nýttar til að skipuleggja komandi fræðslur til starfsþróunar.
Viðmið um árangur.	• Að starfsfólk þekki Torgið og viti hvernig nálgast megi fræðslu þar inni. • Fræðsla fer fram á starfsmannafundi í einu sinni í hverjum mánuði. • Að starfsfólk tileinki sér efnistök fræðslunnar, geti komið með endurgjöf, geti nýtt sér hana í daglegu starfi og starfsþróun. • Starfsfólk hefur tækifæri til að sækja fræðslu utan vinnutíma gegn greiðslu í yfirvinnu samkvæmt samkomulagi.

Heiti aðgerðar: Áhugamál starfsfólks	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Mannauður og faglegt starf** Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.
Tækifæri til umbóta.	• Kortleggja áhugasvið og styrkleika starfsmannahópsins • Fá starfsfólk til að vinna smiðju/klúbb út frá sínu áhugasviði og/eða styrkleika. • Nýta lengda viðveru til að framkvæma flóknari smiðjur
Aðgerðir til umbóta.	• Starfsfólk fær það verkefni að undirbúa og sjá um eina smiðju þar sem þau nýta sýna styrkleika og áhugasvið.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	• Starfsmaður fær viðbrögð og umsagnir gangvart sinni smiðju frá börnunum. • Könnun gerð með einkunnarblaði þar sem um 3 mismunandi broskalla er að ræða og dálkur þar sem hægt er að skirfa umbætur. • Í lok hverrar smiðju verði smiðjan ígrunduð, hvað gekk vel, hvað má betur fara o.þ.h.
Viðmið um árangur.	• Afrakstur verður sýnilegri og aukin ábyrð á almennt starsfólk. • Ábyrgð gangvart skipulögðu starfi (smiðjur) dreyfist jafnt meðal starfsfólks. • Starfsfólk styrkist og eflist í starfi • Starfsfólk fær tækifæri til að kynnast börnunum í nýjum aðstæðum. • Börnin fá að kynnast nýjum og ólíkum viðfangsefnum og starfsfólkinu.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Í frístundaheimilinu Töfraseli leggjum við áherslu á að skapa öruggt, jákvætt og uppbyggilegt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að vaxa, læra og njóta sín í leik og starfi. Til að styðja við vellíðan og þroska barnanna vinnum við markvisst með fjölbreyttar aðgerðir sem styrkja félagsfærni, sjálfstæði og þátttöku. Við leggjum áherslu í metnaðarfullt og fjölbreytt 3. & 4.bekkjarstarf. Markmiðið með sérstöku 3. & 4.bekkjarstarfi er að mæta þörfum og áhuga elstu barnanna, með von um að efla þátttöku og áhuga þeirra. Við vinnum með barnalýðræði og hugmyndakassa og þar með taka þau virkan þátt í mótun starfsins, fá að taka ábyrgð og hafa áhrif á það sem þau gera í starfinu.

Í samræmi við markmið frístundaheimilisins er unnið markvisst að því að efla gæði starfsins og stuðla að farsæld, vellíðan og virkri þátttöku allra barna. Áhersla er lögð á faglegt starf samkvæmt markmiðum menntastefnunnar sem byggir á valdeflingu, félagsfærni, sjálfseflingu, virkni barna, lýðræðislegum starfsháttum, virðingu fyrir fjölbreytileika og réttindum barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Helstu aðgerðir sem unnið er að á skólaárinu eru:

- Að efla félagsfærni barna með markvissri þjálfun í samskiptum, samvinnu og lausn ágreiningsmála.
- Að styrkja þátttöku barna í starfinu með því að skapa vettvang fyrir skoðanir þeirra og áhrif á skipulag og innihald frístundastarfsins.
- Að stuðla að auknu sjálfstæði og ábyrgð barna með verkefnum og hlutverkum sem hæfa aldri og þroska þeirra.
- Að þróa fjölbreytt og aðgengilegt frístundastarf sem tekur mið af ólíkum áhuga-, styrkleika- og þörfum barnahópsins.
- Að efla vellíðan og öryggi barna með skýrum verkferlum, jákvæðum samskiptum og fyrirbyggjandi aðgerðum gegn einelti og félagslegri einangrun.
- Að styrkja samstarf við foreldra og skóla með reglulegu upplýsingaflæði og samráði um velferð og þátttöku barna.
- Að stuðla að faglegri þróun starfsfólks með símenntun, handleiðslu og reglulegri endurskoðun á starfsháttum.

Framkvæmd aðgerðanna verður metin með reglubundnu innra mati þar sem horft verður til þátttöku barna, upplifunar þeirra af starfinu, samstarfs við foreldra og faglegs mats starfsfólks. Niðurstöður matsins verða nýttar til áframhaldandi þróunar og umbóta á starfsemi frístundaheimilisins.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- *20.ágúst* – síðasti dagur sumarstarfs.
- *21. ágúst* - skipulagsdagur
- *24. ágúst* – skólasetning
- *25. ágúst* – Fyrsti dagur vetrarfrístundar fyrir börn í 1.-4. bekk sem fengið hafa pláss.
- Uppfæra upplýsingabækling til foreldra barna í 1. bekk og senda í tölvupósti
- Ráðning nýrra starfsmanna, starfsmenn og börn kynnast og samstilla starfið. Valkerfið sett af stað og teknar myndir af börnunum.
- Merkja snaga, töskuhillur og valtöflur
- Hafa dagskipulag starfsins sýnilegt fyrir börnin í rýmum áður en þau byrja í frístundaheimilinu
- Fara yfir rýmin og skipuleggja þau ef þarf
- Uppfæra merkingar (hurðir, skápa, borð, leikfangakassa og þess háttar) út frá Barnásáttmála, Frístundalæsi og Regnbogavottun
- Senda út fréttabréf, dagskrá og matseðil

September

- *01.september*- Opna fyrir skráningu í lengda viðveru allt skólaárið 01.september 2026
- *04. september* – Treyjudagur
- *16.*september – Dagur íslenskrar náttúru
- *30. september* – lengd viðvera – Starfsdagur í Árbæjarskóla
- Leikskólaheimsóknir
- Afmælisdagur ágúst og september barna haldin á sal
- Gera afmælisvegg fyrir börn og starfsfólk
- Frístundalæsi mánaðarins er Félagslæsi
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins.

Október

- *05. október* - Lengd viðvera – Samskiptadagur í Árbæjarskóla
- *11.* október – Fæðingardagur forseta Íslands - HallaTómasardóttir
- *21. október* – bleikur dagur
- *22. 23. og 26. október* – Vetrarleyfi - Lokað í Töfraseli
- *27. október* – Alþjóðlegi bangsadagurinn
- *30. október* - Hrekkjavaka – Búningadagur -dans-íþróttahús-föndur-val og bíó
- Leikskólaheimsóknir
- Grunnfræðsla fyrir nýja starfsmenn
- Hugmyndakassar kynntir og tekin í notkun fyrir alla bekki
- Haldið áfram með frístundalæsið, Félagslæsi
- Útileikur mánaðarins – Eina króna
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins

Nóvember

- *09. nóvember* – Dagur gegn einelti
- *16. nóvember* – Dagur íslenskrar tungu
- *19. nóvember* - Afmælisdagur október og nóvember barna haldin á sal
- *20. nóvember* - Afmæli barnasáttmálans
- *24. nóvember* – Lengd viðvera - Starfsdagur í Árbæjarskóla
- Barnasáttmálaverkefni mánaðarins – 1.- 2. bekkur réttindaföndur, 3 - 4. bekkur réttindabolir.
- Prenta út nöfn barna í 1.-4.bekk fyrir barnaráð
- Barnaráðsfundir hjá 1.& 2.bekk og hjá 3. & 4.bekk – kynning, hugmyndaumræða og kosning
- Frístundalæsi mánaðarins er– Samfélagslæsi
- Greina stöðu á börnum eftir flokkum og samskiptum við þau. Fyrsta greining- Vináttuþjálfun
- Afmælisdagur október og nóvember barna haldin á sal
- Útileikur mánaðarins – Dimmalimm
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins.

Desember

- *01. desember* – Fullveldisdagur Íslands
- *18. desember* – Jólaskemmtun í Árbæjarskóla
- *21. 22. 23. 28. 29. og 30. desember* – Lengd viðvera -Jólafrí í grunnskólanna
- Skreyta frístundaheimilið
- Barnaráðsfundur hjá öllum bekkjum
- Frístundalæsi mánaðarins er – Lista og menningarlæsi
- Útileikur mánaðarins – Eitur í flösku
- Bjóða börnum upp á streitulaust umhverfi, jólakósý, jólaföndur
- Fara með pakka undir tréð í Kringlunni (4. bekkur)?
- Ferðir á bókasafnið í Hraunbæ með 1. bekk
- Ferðir með 2. – 4. bekk í jóladagskrá MÚÚ í Gufunesbæ eða á Árbæjarsafn
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins.

Janúar

- *04. janúar* – lengd viðvera
- *06. janúar* - Þrettándinn
- *22. janúar* – Bóndadagur
- Afmælisdagur desember og janúar barna haldinn á sal
- Barnaráðsfundur
- Frístundalæsi mánaðarins er – Miðlalæsi
- Útileikur mánaðarins – Dýragarðurinn
- Leikskólaheimsóknir
- Greina stöðu á börnum eftir flokkum og samskiptum við þau. Önnur greining - samanburður
- Hópastarf – Vináttu- og félagsfærni
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins.

Febrúar

- *04. febrúar* – Lengd viðvera - Samskiptadagur
- *05. febrúar* – Lengd viðvera – Starfsdagur Árbæjarskóla
- *08. febrúar* – Bolludagur
- *09. febrúar* - Sprengjudagur
- *10. febrúar* – Öskudagur- Búningadagur- andlitsmálun -dans-íþróttahús-föndur-val og bíó
- *21. febrúar* - Konudagur
- *22. og 23. febrúar* – Vetrarleyfi - Lokað í Töfraseli
- Starfsmannasamtöl – mat og ígrundun á umbótum
- Frístundalæsi mánaðarins er – Vísindalæsi
- Hópastarf – Vináttu- og félagsfærni
- Barnaráðsfundur
- Útileikur mánaðarins – Hlaupa í skarðið
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins

Mars

- *21. mars* – Downs dagurinn – sitthvor sokkurinn
- 23. *mars* - Kváradagur
- *22.-24. mars* – Lengd viðvera – Páskafrí
- Afmælisdagur febrúar og mars barna haldinn á sal
- Leikskólaheimsóknir
- Frístundalæsi mánaðarins er – Vísindalæsi
- Hópastarf – Vináttu- og félagsfærni
- Páskaföndur
- Útileikur mánaðarins – Köttur og mús
- Barnaráðsfundur
- Undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrám, mat- & ávaxtarseðli mánaðarins

Apríl

- *17. apríl* – 60 ára afmæli Árbæjarskóla haldið hátíðlega
- *22. apríl* – sumardagurinn fyrsti - Lokað í Töfraseli
- *23.apríl* – Lengd viðvera – Frí í Árbæjarskóla v. afmælishátíðar
- *19. – 25. apríl* – Barnamenningarhátíð
- *27. apríl* – Menntastefnumót/starfsdagur. Lokað í Töfraseli
- Frístundalæsi mánaðarins er – Heilsulæsi
- Útileikur mánaðarins – Fram framfylking
- Barnaráðsfundur
- Ígrundun og endurmat eftir hópastarf – greina stöðu barna – Síðasta greining
- Skipuleggja heimsóknir fyrir 4.bekk í Ársel í samráði við Ársel.
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Maí

- *01. maí* - Verkalýðsdagurinn
- *06. maí* – Uppstigningardagur. Lokað í Töfraseli
- *17. maí* – Annar í Hvítasunnu. Lokað í Töfraseli
- Leikskólaheimsóknir
- Afmælisdagur apríl, maí, júní og júlí barna haldinn á sal
- Frístundalæsi mánaðarins er – Náttúru- & umhverfislæsi
- Útismiðjur og útiklúbbar
- Skipulagðar ferðir í Elliðaárdal og nærumhverfi Töfrasels
- Heimsókn í Gufunesbæ í verkefnið skýli og skjól hjá MÚÚ með 3.-4.bekk
- Útileikur mánaðarins – Steinn, skæri og blað
- Barnaráðsfundur
- Senda út fréttabréf í lok mánaðar þar sem farið er yfir það sem var gert í liðnum mánuði ásamt upplýsingum um það sem er fram undan í næsta mánuði, dagskrár og matseðil mánaðarins.

Júní

- *06. júní* - Sjómannadagurinn
- *10. júní* – Skólaslit. Lokað í Töfraseli
- *11. júní* – Undirbúningsdagur fyrir sumarstarf. Lokað í Töfraseli
- *14. júní* - Sumarstarf hefst
- *17. júní* – Þjóðhátíðardagur Íslendinga
- Vorhátíð
- Útskriftarferð 4. Bekkjar
- Útileikur mánaðarins – Mamma, mamma, má ég?

Júlí

- Sumarstarf
- Sumarlokun (frá 12.júlí til og með 8.ágúst)